

VIII. KAFLI

Ýmis atriði.

24. gr.

Komi upp ágreiningur á milli umsjónaraðila og dagmóður má skjóta honum til úrlausnar félagsmálanefndar.

25. gr.

Telji forráðamaður barns eða annar aðili að barn njóti ekki þess aðbúnaðar og atlætis hjá dagmóður sem því ber skal hann tilkynna málið þegar í stað til félagsmálanefndar eða umsjónaraðila sem kannar málið.

26. gr.

Fái félagsmálanefnd upplýsingar um það að dagmóðir, sem hefur tilskilið leyfi, taki fleiri börn í gæslu en henni er heimilt skv. 12. gr. reglugerðar þessarar, skal hún taka mál það til meðferðar og grípa til viðeigandi ráðstafana.

27. gr.

Félagsmálanefnd getur svipt dagmóður leyfi við alvarleg og endurtekin brot, sbr. 25. og 26. gr. Sama á við ef um er að ræða önnur alvarleg brot á reglugerð þessari.

28. gr.

Fái félagsmálanefnd upplýsingar um að börn séu tekin í gæslu í atvinnuskyni án leyfis skal hún láta málið til sín taka.

29. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að greiða niður kostnað við daggæslu í heimahúsum, t.d. vegna einstæðra foreldra. Skal þá sveitarstjórn setja reglur þar um.

30. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 35. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, öðlast gildi þegar í stað, og gildir um þau leyfi, sem veitt eru frá og með gildistöku reglugerðar þessarar, svo og um endurnýjun á leyfum.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

1. júní 1992

Nr. 199

REGLUGERÐ

**um greiðslur sveitarfélaga á hluta kostnaðar við löggæslu
á árinu 1992.**

1. gr.

Á árinu 1992 skulu sveitarfélög, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, greiða hluta af kostnaði við löggæslu eins og nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 1. gr. skulu ákveðnar á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2 370 kr. á hvern íbúa.
- b) Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri greiði 1 420 kr. á hvern íbúa.

Við útreikning á greiðslu sveitarfélags á kostnaði við löggæslu á árinu 1992 skal miða við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi eins og hann er samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1991.

3. gr.

Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar með sex jöfnum mánaðarlegum greiðslum á gjalddögum 20. júlí 1992, 20. ágúst 1992, 20. september 1992, 20. október 1992, 20. nóvember 1992 og 20. desember 1992.

Sé greiðsla samkvæmt þessari reglugerð ekki greidd á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem er gjaldfallið. Dráttarvextir skulu ákveðnir samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987.

4. gr.

Ríkisbókhald sér um útreikning á greiðslum sveitarfélaga samkvæmt þessari reglugerð.

Ríkisbókhald skal senda mánaðarlega greiðsluáskorun til sveitarfélaganna þar sem fram kemur fjárhæð greiðslu og upplýsingar um greiðslustað.

Áður en innheimta á greiðslum sveitarfélaga hefst skal ríkisbókhald senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hverju sveitarfélagi fyrir sig upplýsingar um útreikning á greiðslum þeirra og forsendur fyrir útreikningum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 59. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 1. júní 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum
nr. 813/1981 með síðari breytingum.**

1. gr.

I. kafli 12. gr. orðist svo:

Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta og frífljótandi baujur.

- 12.1 Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skylt er að hafa slíka báta, skulu búnir bauju, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðnunum 121,5 MHz og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar. Baujunum skal pakkað í bátana um leið og þeir eru afhentir til notkunar og skulu þá settar í þær nýjar rafhlöður.
- 12.2 Heimilt er að veita undanþágu frá því að neyðarbauja sendi einnig á tíðninni 243 MHz, þ.e. að hún sendi eingöngu á 121,5 MHz.